

Samþykktir fyrir Fræðslusjóð Kjalar

1. **gr. Nafn sjóðsins og heimili**
 - a. Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Kjalar kt. 480196-3419.
 - b. Heimili sjóðsins og aðalstarfsstöð er á skrifstofu Kjalar Stéttarfélags að Skipagötu 14, 600 Akureyri, nema stjórn ákveði annað.
 - c. Varnarþing sjóðsins er á Akureyri.
2. **gr. Markmið og hlutverk sjóðsins**
 - a. Markmið sjóðsins er að auka hæfni sjóðsfélaga og möguleika þeirra til starfsþróunar í starfi eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar. Þannig geti sjóðsfélagar bætt við og eða endurnýjað menntun sína og viðhaldið virði sínu á vinnumarkaði.
 - b. Fræðslusjóður Kjalar er tvískiptur og er hlutverk hans annars vegar það styrkja félagsfólk til að stunda nám, sækja einstök námskeið, og að sækja ráðstefnur innanlands og utan. Hins vegar er sjóðnum ætlað að standa að fræðslu fyrir félagsfólk og trúnaðarmenn ásamt því að greiða umbun trúnaðarmanna.
3. **gr. Tekjur sjóðsins**
 - a. Kjarasamningsbundin starfsmenntunarsjóðsgjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
 - b. Vaxtatekjur.
4. **gr. Sjóðsstjórn**
 - a. Stjórn Kjalar skipar formann stjórnar Fræðslusjóðs og aðra stjórnarmenn og skal stjórn sjóðsins skipuð fimm fulltrúum.
 - b. Stjórn sjóðsins skal móta og þróa starfsemi í samræmi við hlutverk hans sbr. 2. gr. samþykktu þessara.
5. **gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun**
 - a. Skrifstofa Kjalar sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.
 - b. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.
 - c. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársreikningur endurskoðaður og borinn upp á aðalfundi félagsins ár hvert ásamt skýrslu stjórnar.
6. **gr. Réttindi í sjóðnum**
 - a. Einungis félagsfólk Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannatryggingu getur fengið styrk úr sjóðnum og þarf að vera í starfi bæði þegar það sækir um styrk og notar.
7. **gr. Reglur sjóðsins**

Sjóðstjórn setur verklags- og úthlutunarreglur, skulu þær endurskoðaðar ár hvert og breytingar á þeim kynntar á heimasíðu sjóðsins.
8. **gr. Endurgreiðsla iðgjalda**

Iðgjöld og aðrar greiðslur til sjóðsins eru ekki endurgreiddar.
9. **gr. Málskot**

Heimilt er að vísa ágreining um úthlutun eða réttindi til stjórnar Kjalar stéttarfélags.
10. **gr. Breytingar á samþykktum**
 - a. Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi Kjalar stéttarfélags að undangenginni kynningu hjá stjórn félagsins, fara skal með þær breytingar eins og ef um lagabreytingar væri að ræða.
 - b. Tillaga að breytingu þarf að berast skrifstofu sjóðsins 14 dögum fyrir aðalfund.

Samþykkt á stjórnarfundum Kjalar stéttarfélags þann 1. desember 2022